

262. fundur Skólanefndar FS

11. maí 2004



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, áheyrnarfulltrúinn Ívar Valbergsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Staða framkvæmda.
 2. Uppgjör vegna 2003.
 3. Lok vorannar og innritun á haustönn 2004.
 4. Önnur mál.

1. Staða framkvæmda.

Ákveðið að ræða stöðu framkvæmda í lok fundar og fara í skoðunarferð um viðbyggingu í fylgd verktaka.

2. Uppgjör vegna 2003.

Skólameistari kynnti uppgjör vegna ársins 2003. Rekstur skólans reyndist vera í samræmi við fjárveitingar og uppgjör og fjárhagsstaðan því viðunandi.

3. Lok vorannar og innritun á haustönn 2004.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi innritun; þegar hafa um 600 nemendur sótt um á haustönninni en nýnemar eiga eftir að bætast við. Miðað við þennan nemendafjölda en ljóst að fjölga þarf kennurum. Enn er þó óvíst um fjárveitingar vegna haustannar. Skólameistari sagði einnig frá lokum vorannar, útskrift og flutningum og breytingum vegna byggingaframkvæmda.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari sagði frá breytingum á kennaraliði en enginn kennari hættir í vor. Nokkrir kennarar fara í leyfi og aðrir koma úr leyfi.
- b) Skólameistari sagði frá nýrri stjórn nemendafélagsins og sagðist binda vonir við gott samstarf við hana næsta vetur.
- c) Kynntar hugmyndir um lóð og bílastæði við skólann í tengslum við viðbyggingu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari